

B2 Hlustunarpróf – sýnispróf

Um prófið

Í prófinu eru 4 verkefni og nemendur fá 40 mínútur til að leysa prófið.
Prófið er tekið í rafræna prófakerfinu Inspera.
Háskóli Íslands útvegar þátttakendum tölvur og heyrnartól til að taka prófið.
Nemendur geta hlustað tvisvar sinnum á allar upptökur í prófinu.

Verkefni 1 – fjölvalsspurningar úr stuttum hljóðbútum

Hlustaðu á upptökurnar og svaraðu spurningunum. Lestu vel spurningarnar áður en þú hlustar á upptökuna.

► Upptaka	
1. Hvers vegna var lokað fyrir umferð á Sæbraut?	
a. Það var verið vinna í nýrri brú.	☐
b. Það varð alvarlegt umferðarslys.	☐
c. Það var rauð viðvörðun.	☐

► Upptaka	
2. Hvað gerðist á Þjóðminjasafninu?	
a. Nokkrir starfsmenn misstu vinnuna.	☐
b. Þrír fornleifafræðingar hófu störf.	☐
c. Þjóðminjavörður sagði af sér.	☐

► Upptaka	
3. Hvað segir læknirinn að sjúklingurinn þurfi að gera?	
a. Taka sýklalyf.	☐
b. Taka því rólega og fá nægan vökva.	☐
c. Forðast sólskin og hita.	☐

► Upptaka	
4. Konan segir manninum að ...	
a. hún ætli að taka sér nokkra daga í frí.	☐
b. Anna hafi lofað að hjálpa sér.	☐
c. hún vilji ekki hjálp frá móður sinni.	☐

► Upptaka	
5. Hvað er verið að auglýsa?	
a. Veitingastað.	☐
b. Ferðaskrifstofu.	☐
c. Matvöruverslun.	☐

► Upptaka	
6. Hvernig er veðrið?	
a. Það er sól og heiðskírt.	☐
b. Það er kalt og skýjað.	☐
c. Það er rok og rigning.	☐

Verkefni 2 – para saman

Þú heyrir ó manneskjur tala um vinnuna sína. Hlustaðu vel og paraðu hverja persónu við rétta fullyrðingu. Tvær fullyrðingar passa ekki við neina persónu.

► Upptaka	Bjarni
► Upptaka	María
► Upptaka	Elías
► Upptaka	Diljá
► Upptaka	Arnar
► Upptaka	Jóna

Fullyrðingar:

Finnst gaman að vinna á skapandi hátt.
Finnst ánægjulegt að sjá unglinga bæta sig.
Er oft innan um dýr á vinnustaðnum.
Byrjar vinnudaginn mjög snemma.
Eyðir mestum tíma í að svara tölvupóstum og sitja á fundum.
Finnst mikilvægt að hafa sterkt stuðningsnet þegar vinnan er erfið.
Tekur að sér fjölbreytt hlutverk og er oft undir pressu.
Þarf oft að leysa úr viðkvæmum málum.

Verkefni 3 – fjölvalsspurningar úr viðtali

Hlustaðu á viðtalið við rithöfundinn Sjón um hverfið Efra-Breiðholt í Reykjavík og svaraðu spurningunum. Lestu vel spurningarnar áður en þú hlustar á upptökuna.

► Upptaka	
1. Sjón finnst hraðinn á uppbyggingunni hafa verið ...	
a. mikill.	☐
b. jafn og þéttur.	☐
c. lítill.	☐

2. Hverjir byggðu sér raðhús í Breiðholti að sögn Sjóns?	
a. Atvinnulausir iðnaðarmenn.	☐
b. Móðir Sjóns.	☐
c. Efnameira fólk.	☐

3. Sjón segir að mamma sín hafi meðal annars unnið _____ til að eignast húsnæði.	
a. í byggingarvinnu.	☐
b. í rækjuvinnslu.	☐
c. við landbúnaðarstörf.	☐

4. Höfundurinn segir að skólinn hafi raðað nemendum í bekkir ...	
a. eftir aðstæðum heima.	☐
b. óháð getu þeirra.	☐
c. eftir getu þeirra.	☐

5. Hvað er rétt, samkvæmt viðtalinu?	
a. Sjón átti erfiða æsku í Breiðholti.	☐
b. Sjón á góðar minningar um uppvaxtarár sín í Breiðholti.	☐
c. Sjón er gagnrýninn á skólann sinn í Breiðholti.	☐

6. Hvað merkir „hélt utan um“ í þessu samhengi? „Kennarinn minn [...] hélt afskaplega fallega utan um þennan ólíka hóp ...“	
a. Kennarinn hélt sig utan við hópinn.	☐
b. Kennarinn hafði umsjón með hópnum.	☐
c. Kennarinn faðmaði hópinn.	☐

Verkefni 4 – fjölvalsspurningar úr umfjöllun um persónu

Hlustaðu á umfjöllun um Jórunni Viðar og svaraðu spurningunum.

Lestu vel spurningarnar áður en þú hlustar á upptökuna.

► Upptaka

1. Hvað er átt við með orðinu „tónlistarvor“ í umfjölluninni?	
a. Íslendingar kynntust hljóðfæratónlist.	☐
b. Haldnir voru evrópskir tónleikar.	☐
c. Það var mikið um tónleika.	☐
2. Jórunn fæddist sama ár og Ísland varð ...	
a. konungsveldi.	☐
b. fullveldi.	☐
c. sjálfstætt.	☐
3. Jórunn lauk háskólaprófi fyrst kvenna í ...	
a. tónsmíðum.	☐
b. hljómsveitarstjórn.	☐
c. píanóleik.	☐
4. Jórunn var fyrst kvenna að fá inngöngu inn í ...	
a. Tónskáldafélag Íslands.	☐
b. Tónsmíðafélag Íslands.	☐
c. Félag píanóleikara á Íslandi.	☐

5. Jórunn hélt einleikstónleika um það bil ...	
a. tvisvar á ári.	☐
b. einu sinni á ári.	☐
c. annað hvert ár.	☐

6. Hvað lýsir Jórunni best samkvæmt umfjölluninni? Jórunn ...	
a. var píanóleikari og starfaði aðallega við undirleik.	☐
b. var tónskáld og brautryðjandi á sínu sviði.	☐
c. samdi aðallega ballet- og kvikmyndatónlist.	☐